



Til:

Aðildarsveitarfélaga SSH

Kópavogi , 17.05.2015

1502051 PG

**Efni: Tillaga bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar um samræmingu á gjaldskrár
sveitarfélaganna vegna stöðubrota sbr. 108. grein umferðarlaga.**

Á fundi stjórnar SSH hinn 11. maí sl. var fjallað um erindi Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar um nauðsyn á samræmingu á gjaldskrár sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna stöðubrota í samræmi við 108. grein umferðarlaga.

Gjaldskrár sveitarfélaganna utan Reykjavíkur voru settar á árinu 2009 í framhaldi af erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, þar sem kallað var eftir heimild til álagningar gjalds vegna stöðubrota. Þær gjaldskrár sem þá voru samþykktar gera ráð fyrir að gjald vegna stöðubrota skv. ákvæðum í 108. grein umferðarlaga sé 5.000 kr.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur hefur tekið ákvörðun um að hækka gjaldið í 10.000 kr., og kallar nú eftir því að önnur sveitarfélög hækki sínar gjaldskrár til samræmis.

Stjórn SSH samþykkti á fundi sínum hinn 11. maí sl. að vísa þessu erindi Bílastæðasjóðs Reykjavíkur til aðildarsveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Þessari afgreiðslu stjórnar SSH er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Sent: Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær

Hjálagt: Minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 4. maí 2015.